



Fleiri störf með réttum skilyrðum

Horfurnar. Skráð atvinnuleysi í febrúar var 8,2% eða að meðaltali 13.276 manns. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi aukist talsvert á árinu og nálgist 10% í lok ársins eða rúmlega 16 þúsund manns að meðaltali. Til að vinna gegn atvinnuleysi og ná því niður í þolanleg mörk fyrir lok næsta kjörtímabils þurfa því að verða til að minnsta kosti 16-18 þúsund störf.

Tækifærin. Þrátt fyrir miklar þrengingar eru líka mikil tækifæri til fjölgunar starfa á næstu árum. Vextir eiga að geta lækkað hratt á næstu mánuðum og þannig gefið fyrirtækjum aftur tækifæri til arðbærra fjárfestinga, gengi krónunnar hefur sjaldan verið eins hagstætt fyrir útflytjendur og innlenda framleiðslu, auk þess sem hátt menntunarstig, miklar náttúruauðlindir og duglegur og sveigjanlegur vinnukraftur er allt til staðar hér á landi.

Velferðarmál eru atvinnumál. Því má aldrei gleyma að eitt stærsta atvinnumálið nú felst í því að varðveita störf sem þegar eru til í velferðar- og menntakerfinu. Þannig komum við einnig í veg fyrir stórfellda fjölgun þeirra sem þiggja atvinnuleysisbætur og fá þannig hvort sem er greiðslur frá ríkinu, þótt með öðrum hætti sé.

Sköpum rétt skilyrði. Hjá hinu opinbera mun aðeins verða til litill hluti þeirra nýju starfa sem nauðsynleg eru á næstu árum. Stærsta verkefni stjórnmalanna í

atvinnuuppbyggingu felst í því að verja þau störf sem til staðar eru og skapa skilyrði og stuðla að fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu. Eftirfarandi tillögur eru því ekki loforð um ný störf, hvorki á vegum hins opinbera né annars staðar, heldur greinargerð um það hvernig störf geta orðið til með framsækinni stefnumótun og stuðningi stjórnvalda.

3.800-4.300 störf í ferðapjónustu og tengdum greinum

2.500-3.000 störf í þjónustu við erlenda ferðamenn

- **Hvernig?** Með aukinni markaðssetningu Íslands erlendis með áherslu á vor, haust og vetrarferðamennsku þannig að ferðamannatímabilið lengist verulega. Með því að stuðla að frekara millilandsflugi inn á landsbyggðina með nýjum áfangastað. Með sameiningu landkynningarmála hjá hinu opinbera og aukinni samvinnu um þau með flugfélögunum. Með því að leggja aukinn þunga í markaðssetningu heilsuferðapjónustu, matar- og menningarferðapjónustu.

500 störf vegna viðhalds, endurbóta og nýbygginga í tengslum við ferðapjónustu

- **Hvernig?** Með verulega bættri nýtingu mannvirkja sem mörg hver eru vannýtt í dag, s.s. skíðasvæðin, söfn, sundlaugar og heilsuböð, menningarhús, ýmiskonar vetrarafþreying, hótél, gististaðir, veitingahús og verslanir.

400 störf vegna aukinna ferðalaga Íslendinga um eigið land

- **Hvernig?** Með bættum og auknum samgöngum innanlands, auknum hótél- og gistihúsarekstri, veitingahúsarekstri á landsbyggðinni og auknu menningarstarfi.

200 störf í heilsutengdri ferðapjónustu

- **Hvernig?** Með því að nýta hreina náttúru og heilbrigða ímynd landsins til að efla ferðapjónustu í tengslum við leirböð, heilsurækt, endurhæfingu og almenna lífsstílsbreytingu með áherslu á íslensk náttúruefni o.þ.h.

200 störf í samgöngum innanlands

- **Hvernig?** Með auknu jafnvægi í atvinnusköpun og fólksfjölda milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins ættu að skapast skilyrði fyrir auknar flug- og landsamgöngur innanlands. Aukin ferðalög Íslendinga um

eigið land örva einnig samgöngustarfsemi og bæta afkomu samgöngufyrirtækja.

3.000-3.800 störf í hefðbundnum framleiðslugreinum

1.000-1.500 störf í landbúnaði og matvælaframleiðslu

- **Hvernig?** Með markaðsátaki í útflutningi á íslenskum hágæðalandbúnaðarvörum og aukna innlenda grænmetisframleiðslu. Með aukinni áherslu á lífræna ræktun og upprunamerkingum og með því að auðvelda bændum einnig að stunda heimaframleiðslu og nýta hana til sóknar í ferðamennsku. Með því að innlend kornrækt verði stóraukin, áburðarframleiðsla hefjist og innlend framleiðsla fleiri afurða eflist.

500-800 störf í sjávarútvegi og fiskvinnslu

- **Hvernig?** Með því að auka fullvinnslu fisks innanlands, auka fiskeldi hér á landi svo og með uppbyggingu smábátaútgerðar. Einnig með því að stuðla að nýtingu annarra tegunda eins og kræklinga.

1.000 störf í greinum sem dregist hafa saman undanfarin ár

- **Hvernig?** Með því að tækifærin sem felast í lækkandi vöxtum og hagstæðara gengi séu nýtt til að endurreisa fyrirtæki í skipaiðnaði, úrvinnsluiðnaði, umhverfistækni, ullar- og skinnaiðnaði, húsgagnaframleiðslu, vatnsútflutningi, minjagripagerð og nýtingu og vinnslu náttúruafna.

500 störf í byggingariðnaði á landsbyggðinni

- **Hvernig?** Með byggingarframkvæmdum, jafnvel nýbyggingum, á landsbyggðinni í tengslum við að atvinnustarfsemi færist í auknum mæli út á landsbyggðina aftur.

1.600-2.100 störf tengd nýsköpun og sprotastarfsemi

500-800 störf í nýjum litlum og meðalstórum fyrirtækjum

- **Hvernig?** Með því að styðja við sprotafyrirtæki og efla nýsköpun, styrkja Tækniþróunarsjóð, Nýsköpunarsjóð, Byggðastofnun og atvinnuþróunarfélög á landsbyggðinni. Sérstaklega með því að styrkja, m.a. með skattalegu hagræði, sprotafyrirtæki og gefa þeim tíma til að festa sig í sessi og koma starfseminni af stað.

300-500 störf í umhverfisvænum iðnaði

- **Hvernig?** Með því að styðja við fyrirtæki í gagnavörslu, kísiliðnaði og matvöruframleiðslu með hagstæðu orkuverði.

500 störf í menningargeiranum

- **Hvernig?** Með því að gera íslenska tónlist, kvikmyndir og aðra menningarstarfsemi að atvinnuskapandi útflutningsgrein.

300 störf í hugvitsgreinum

- **Hvernig?** Með því að styðja við starfsemi á borð við hugbúnaðarframleiðslu og hönnun.

2.500 heilsársstörf og 2.000 sumarstörf með aðkomu ríkisins

2.000 ný heilsársstörf hjá hinu opinbera

- **Hvernig?** Með því að færa fjárveitingar ríkisins í sem mannaflafrekastar framkvæmdir, svo sem viðhaldsframkvæmdir, endurbætur á vegum og eflingu velferðar- og skólakerfisins. Með því að gera sveitarfélögum kleift að fjölga

störfum með því að verja fé í sérstakan atvinnuefningarsjóð sveitarfélaga. Einnig með því að jafna vinnunni og bæta þannig við eða halda fleirum í starfi, þ.m.t. hlutastarfi, í stað yfirvinnu, aukavakta eða lengri vinnutíma færri starfsmanna.

500 störf með endurskipulagningu í heilbrigðiskerfinu og vegna fjölgunar aldraðra

- **Hvernig?** Með aukinni áherslu á mannaflafreka starfsemi í heilbrigðiskerfinu, s.s. heimaþjónustu, vinnu við rafræna sjúkraskrá, nýsköpun, viðhaldsframkvæmdum o.fl., sbr. tillögur heilbrigðisráðuneytisins frá 4. mars síðastliðinn. Einnig með fyrirsjáanlegri fjölgun í hópi aldraðra á dvalarheimilum og heilbrigðisstofnunum.

2.000 umhverfistengd sumarstörf fyrir námsmenn

- **Hvernig?** Með því að ríkið bjóði námsmönnum sumarstörf við stígagerð, skógrækt, landvörslu og fleira sem snýr að þjóðgörðum landsins og útivistarsvæðum.

Meira en 4.000 afleidd störf í þjónustugeirum

Að minnsta kosti 4.000 störf með hlutfallslegri fjölgun í þjónustugeirum

- **Hvernig?** Með hlutfallslegri fjölgun starfa í þjónustu hjá ríki, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum sem leiðir af fjölgun starfa í öðrum geirum. Störf í verslun og viðgerðaðþjónustu, þjónustu við atvinnugreinar og annarri þjónustu nema þannig um tvo þriðju allra starfa og þrátt fyrir samdrátt næstu ár má búast við að þjónustustörf tengd þeirri atvinnuuppbyggingu sem að ofan segir verði að minnsta kosti þriðjungur nýrra starfa, eða vel yfir 4.000 störf.